

EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3337

Rekstraraðili Olúdreifing ehf. kt: 6606952069	Tegund starfsemi Olúbirgðastöð	Starfsleyfisnúmer: Gildistími starfsleyfis 31. Janúar 2034
Starfsstöð Grundarfjörður	Tegund eftirlits Reglubundið eftirlit	Dagsetning eftirlits 18. júní 2026
Starfstöðvarnúmer: 0109	Eftirlitsmaður Kristín Kröyer	Útgáfudagur skýrslu 1. júlí 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
------------	--------

Gestur Guðjónsson

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit kom fram eitt nýtt frávik er varðar gagnaskil.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit án vettvangsferðar fór fram hjá rekstraraðila þann 18. júní 2026.

Staða eldri frávíka

Eitt eldra frávik frá gr. 1.5 í starfsleyfi. Þegar olúgeymir er tekinn varanlega úr notkun skal rekstraraðili innan sex mánaða fjarlægja olúgeyminn ásamt lögnum honum tengdum. Innan þróar við Nesveg 10 er geymir sem tekinn var úr notkun fyrir meira en sex mánuðum. Er því um frávik að ræða. Úrbótaáætlun hefur borist. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila verður ekki sett eldsneyti í geymirinn fyrr en að lokinni þykktarmælingu. Fráviki lokað.

Umhverfisupplýsingar

Samkvæmt breytingareglugerð nr. 206/2025 er öllum eftirlitsþegum Umhverfis- og orkustofnunar skylt að fyrir 1. maí ár hvert skila til stofnunarinnar umhverfisupplýsingum. Þessar hafa ekki borist stofnuninni fyrir árið 2025 sem er **frávik**. Umhverfisupplýsingar bárust stofnuninni þann 30. Júní 2026. Fráviki lokað.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
Gr. 3 í reglugerð 206/2025 um breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald	Frávik skráð: 18. júní 2026 Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. <i>Umhverfisupplýsingar hafa ekki borist til Umhverfis- og orkustofnunar</i>	Lokað

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.